

Eftirfarandi texti úr upplýsingastefnu Matvælastofnunar lýsir stefnu stofnunarinnar um nafngreiningu. Þetta á við um nafngreiningu eftirlitsþega, starfsfólks og annarra í fréttum, útgefnu efni, viðtölum og við veitingu upplýsinga. Afhending gagna fer skv. upplýsingalögum og túlkun lögfræðinga okkar á þeim.

## Nafngreining

Almennt nafngreindir Matvælastofnun aðila (fyrirtæki, stofnanir, samtök og lögbýli) en ekki einstaklinga. Ekki er nafngreint ef það er andstætt upplýsingalögum eða lögum um persónuvernd:

- Ekki er nafngreint þegar grunur er um refsiverða háttsemi eða í upplýsingagjöf um kærur og dóma fyrir refsiverða háttsemi
- Ekki er nafngreint þegar upplýsingar varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja
- Ekki er upplýst um nöfn einstaklinga (eða nöfn lögbýla einstaklinga) ef um viðkvæm einka- eða fjárhagsmálefni er að ræða sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari

Einstaklingar eru nafngreindir ef starfsemi er eingöngu í þeirra nafni og málið varðar almannaheill.

---

Eftirfarandi texti er eingöngu til innanhússnota og hefur það að markmiði að auðvelda starfsfólki að átta sig á hvenær við nafngreinum og hvenær ekki:

## Nánari útskýringar

Þetta þýðir að ekki er nafngreint þegar:

- einstaklingur liggur undir grun um refsiverðan verknað. Athuga ber þó að tilefni getur verið til að birta upplýsingar um nafn viðkomandi þegar það varðar almannaheill, í slíkum tilvikum fer um afhendingu gagna skv. 9. gr. upplýsingalaga og afstaða til beiðni metin út frá lögunum
- einstaklingur eða fyrirtæki eru kærð til lögreglu þar sem aðilar eru saklausir þar til sekt þeirra þykir sönnuð
- birtar eru fréttir eða veittar upplýsingar um úrskurði og dóma (nafngreining ákveðin af dómssvaldi og úrskurður/dómur fylgir með í ítarefni)
- nafnbirting skaðar rannsóknahagsmuni eða almannahagsmuni
- nafngreining er að öðru leyti óheimil skv. upplýsingalögum eða lögum um persónuvernd

Almennt er notað nafn fyrirtækis eða lögbýlis í stað einstaklings nema viðkomandi starfsemi varði nafngreiningu og sé eingöngu í nafni einstaklingsins.

Þegar ekki er nafngreint er viðkomandi aðili tilgreindur eftir gerð eftirlitsþega og landsvæði – dæmi: hundaeigandi á höfuðborgarsvæðinu, sauðfjárbýli á Suðurlandi, matvælafyrirtæki á Norðurlandi o.s.frv.

Hvað eftirlitsskýrslur varðar myndi þetta þýða að veittur yrði aðgangur að eftirlitsskýrslum nema eftirlitsskýrslur um dýravelferð sem skráðar eru á kennitölu einstaklings. Undantekning kann að vera ef stjórnandi fyrirtækis er dreginn til saka sem einstaklingur fyrir slæma meðferð á dýrum í hans fyrirtækjarekstri, þá gæti e.t.v. þurft að takmarka allan aðgang að eftirlitsskýrslum um dýravelferð, sbr. 9. gr. upplýsingalaga.

Sjá eftirfarandi dæmi:

## Dæmi

Dæmi um nafngreiningu – huga þarf að því að í sumum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að afmá viðkvæmar persónuupplýsingar og aðrar þagnarskyldar upplýsingar:

- Frétt, útgefið efni, viðtöl eða veiting upplýsinga um **innköllun** á vörum fyrirtækis vegna hættu af notkun þeirra:
  - Fyrirtæki og lögbýli nafngreind, sem og einstaklingur ef hann selur vöru sem einstaklingur en ekki undir formerkjum fyrirtækis eða frá lögbýli.
  - Upplýsingagildi nafngreiningar: Vara kaupendur við hættu (og á þetta einnig við um þegar fyrirtæki segist vera búð að innkalla vöruna af markaði) aðhald og forvarnargildi, tryggja að innköllun sé virt.
- Frétt, útgefið efni, viðtöl eða veiting upplýsinga um **sölustöðvun** á vöru:
  - Nafngreining: Fyrirtæki og lögbýli eru nafngreind, sem og einstaklingur ef hann selur vöru sem einstaklingur en ekki undir formerkjum fyrirtækis eða frá lögbýli.
  - Upplýsingagildi nafngreiningar: Upplýsa almenning um vöru sem uppfyllir ekki kröfur, aðhald og forvarnargildi, tryggja að sölustöðvun sé virt.
- Frétt, útgefið efni, viðtöl eða veiting upplýsinga um **stöðvun eða verulega takmörkun á starfsemi**:
  - Nafngreining: Fyrirtæki og lögbýli eru nafngreind, sem og einstaklingur ef hann selur vöru sem einstaklingur en ekki undir formerkjum fyrirtækis eða frá lögbýli. Undantekning: Ef stöðvun kemur til vegna refsiverðs verknaðar (t.d. brot á dýravelferðarlögum) og upplýsingarnar varða ekki almannaheill (eða ef upplýsingagjöf skaðar rannsóknahagsmuni). Dæmi: Ill með dýra á sauðfjár- eða kúabúi þar sem rekstur er á kennitölu einstaklings eða er lítill fjölskyldurekstur og afurðir eru ekki seldar beint til neytenda frá búinu eða undir merkjum þess Upplýsingagildi nafngreiningar: Tryggja að stöðvun starfsemi sé virt, forvarnargildi.
- Frétt, útgefið efni, viðtöl eða veiting upplýsinga um **kætur til lögreglu**:
  - Nafngreining: Aldrei nafngreint. Þess í stað er talað um hundaeiganda á höfuðborgarsvæðinu eða aðra almenna lýsingu sem ekki er hægt að rekja til viðkomandi aðila.
  - Upplýsingagildi: Forvarnargildi og sýnileiki
- Frétt, útgefið efni, viðtöl eða veiting upplýsinga um ákvörðun **stjórnvaldssekta**:
  - Nafngreining: Eingöngu nafngreint ef stjórnvaldssektin leggst á fyrirtæki (starfsemi sem er ekki á kennitölu einstaklings). Dæmi um nafngreiningu í tilviki einstaklinga: kattareigandi á Norðurlandi, osfrv.
- Frétt, útgefið efni, viðtöl eða veiting upplýsinga um áminningar og álagningu **dagsekta**:
  - Nafngreining: Eingöngu nafngreint ef dagsektin leggst á fyrirtæki (starfsemi sem er ekki á kennitölu einstaklings). Dæmi um nafngreiningu í tilviki einstaklinga: kattareigandi á Norðurlandi, osfrv.
- Frétt, útgefið efni, viðtöl eða veiting upplýsinga um **niðurstöður úr sýnatöku**:
  - Nafngreining: Aðilar og vörur eru nafngreind ef það varðar almannaheill. Þetta á einnig við um lítil úrtök.
  - Undantekning: Ekki er nafngreint ef mælingar eru óáreiðanlegar.
  - Undantekning: Ef aðili heyrir undir annan eftirlitsaðila.
  - Upplýsingar sem fram koma í rannsóknarniðurstöðum eða skýrslum opinberra eftirlitsaðila kunna að vera háðar trúnaði ef þær varða fyrirtæki, ofangreindir hagsmunir kalla ekki á að þær séu birtar og fyrir liggur að þær myndu valda umtalsverðu tjóni fyrir fyrirtækið ef þær yrðu opinberar.

- Frétt, útgefið efni, viðtöl eða veiting upplýsinga um greiningu alvarlegra **dýra- eða plöntusjúkdóma**:
  - Nafngreining: Lögbýli (og/eða landsvæði) nafngreind.
  - Upplýsingagildi: Upplýsa nágretta, hefta útbreiðslu.